


NÁM Í FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARMENNT Í SAMSTARFI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Skýrsla til Sprotasjóðs



Salaskóli 2017



Nafn skóla: Salaskóli

Nafn verkefnis: Nám í frumkvöðla- og nýsköpunarmennt í 1. – 10. bekk í samstarfi við atvinnulífið

Nafn verkefnisstjóra: Hrafnhildur Georgsdóttir og Þorvaldur Hermannsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS – 162. Árið 2016.

Inngangur

Í febrúar 2016 fór hópur kennara í Salaskóla ásamt skólastjóra í Erasmus-heimsókn til Turku í Finnlandi. Markmið ferðarinnar var að kynna sér notkun spjaldtölva í kennslu í finnskum skólum. Í leiðinni kynntu Finnarnir fyrir okkur hvernig þeir eru að vinna að nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í grunnskólum og hrifumst við svo að hugmynd þeirra að við einsettum okkur að hringa a.m.k. hluta hennar í framkvæmd í okkar skóla. Við sendum því umsókn í Sprotasjóð skömmu síðar og fengum styrk upp á 1.500 þús. kr. Við fórum strax af stað með undirbúningsvinnu og skólaárið 2016 - 2017 var verkefnið sett í framkvæmd. Verkefni tókst að okkar mati afar vel og ljóst er að haldið verður áfram með það og það þróað enn frekar.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmiðið er -

- að byggja upp í samvinnu við atvinnulífið heildstætt nám frá 1. - 10. bekk í frumkvöðla og nýsköpunarmennt sem byggir á Aðalnámskrá grunnskóla
- að efla frumkvöðlahugsun hjá nemendum með því að gefa þeim tækifæri til að öðlast reynslu í frumkvöðlahugsun og nýsköpun
- að auka þekkingu nemenda á atvinnulífi, stofnunum samfélagsins og gangverki lýðræðisins
- að nemendur geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og annarra og að samvinna og samstarf sé öflugt tæki til að þróa hugmyndir og hringa þeim í framkvæmd.
- að efla fjármálalæsi nemenda
- að nemendur kynnist samfélaginu í kringum sig og atvinnulífinu
- að byggja brú á milli skólans og atvinnulífsins.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Leiðum að markmiði var skipt í þrjú hluta: smíðjur, þema og dagur í “Bænum mínum”.

Verkefnisstjórnir tveir stýrðu verkefninu og skipulögðu á allan hátt. Stór hluti af þeim tíma sem þeir vörðu í verkefnið fór í að leita fanga og semja og þýða námsefni. Til þess fengu þeir fastan tíma í hverri viku, tvær til þrjár klukkustundir. Þeir funduðu nokkrum sinnum með skólastjóra og mynduðu þau þrjú stjórn verkefnisins. Verkefnisstjórnir kenndu líka allar smíðjurnar á miðstigi og unnu langmest af þeirri miklu vinnu sem fór í að undirbúa lokahnykk verkefnisins - “bærinn minn.” Þeir voru í samskiptum við ýmis fyrirtæki af og til í ferlinu en einkum þó þegar leið að síðasta hluta þess.

Smíðjur voru kenndar tvisvar í viku á miðstigi í 5.-7. bekk allan veturinn og eru það alls tæplega 200 nemendur. Í hverjum námshópi voru um tólf nemendur og hver hópur vann að verkefninu í 6 vikur. Verkefnin voru margskonar, öll tengd nýsköpun og frumkvöðlahugsun. Þeir bjuggu til sínar eigin afurðir og uppfinningar, farið í ferlið frá hugmynd að tilbúinni afurð, spjaldtölvur nýttar og ýmis öpp. Fengum m.a. heimsókn frá Team Spark frá Háskóla Íslands, horfðum á ýmis myndbönd tengd nýsköpun og fleira. Kennarar unnu námsefnið sjálfir.

Þema um fjármál og atvinnulíf var að vori í 6. og 7. bekk í 4 vikur. Þar lærðu þeir ýmislegt um fyrirtæki, störf og þjónustu af ýmsu tagi, efnahagsmál, atvinnumál, lýðræði, banka, peninga, mismunandi störf, menntun og fleira. Þeir fóru í gegnum námsefni sem verkefnisstjórnir sömdu og bjuggu til sérstaklega fyrir þetta verkefni. Verkefnaheftið var um 30 blaðsíður og var það kennt af umsjónarkennurum bekkjanna.

Í framhaldi af þemanu var sett upp heilt **bæjarfélag, "Bærinn minn"**, í hátíðarsal skólans og fengu nemendur í 6. og 7. bekk að sinna ákveðnum störfum í einn dag. 16 fyrirtæki voru starfandi í þessu bæjarfélagi með 33 mismunandi störfum. Skilrúmunum/básunum var komið fyrir þannig að hvert fyrirtæki hafði sér rými. Áður höfðu nemendur sótt um þau störf sem þeir óskuðu helst eftir. Vinna þurfti eftir ítarlegri starfslýsingu og ljúka ýmsum verkefnum, fara jafnvel til "læknis", á kaffihús, "klippingu" eða á kjörstað, auk þess að vera almennur þátttakandi í samfélaginu þann dag. Nemendur höfðu peninga til umráða yfir daginn, gátu keypt sér vörur og þjónustu eins og bakkelsi í bakaríinu eða drykki í matvörubúð. Einnig þurfti að greiða skatt og nota þar með hluta peninganna í það. Þau störf eða fyrirtæki sem sett voru upp voru t.d. verslun, bakarí, kaffihús, banki, læknameiðstöð, skóli, hárgreiðslustofa, líkamsræktarstöð, bíó, flutningafyrirtæki, lögreglustöð, bæjarskrifstofa, grunnskóli, ljósmyndastofa, listagallerý og fleiri fyrirtæki. Í þessu verkefni vorum við í samstarfi við fjölda fyrirtækja sem veittu okkur aðstoða með ýmsum hætti og einnig lögðu foreldrar okkur lið. Stuðningur fyrirtækja fólst í að útvega okkur ýmsa muni í fyrirtækin og vörur og einnig hlupu þau undir bagga varðandi kostnað við að leigja búnað sem notaður var í að setja upp bæinn.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Frá upphafi var ljóst að verkefnið væri viðamikil og nokkuð kostnaðarsamt. Þegar styrkveiting lá fyrir var verkefnið endurskipulagt þannig að það rúmaðist innan þess fjárhagsramma sem fyrir lá. Ákveðið var að verkefnið næði til miðstigs skólans á þessu skólaári en ekki alla árganga skólans eins og fyrirhugað var í upphafi. Jafnframt var mannskapur í kringum verkefnið skorinn svolítið niður. Engu að síður var svolítill vinna lögð í þann áfanga verksins sem snýr að unglिंगastiginu og stefnt að því að hann komi til framkvæmda á vorönn 2018. Fyrirhugað var einhverskonar samstarf við Samtök atvinnulífsins en ekki kom til þess heldur var tekið upp samstarf við fjölda fyrirtækja, stórra og smárra, sem studdu verkefnið.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Verkefnið var unnið algerlega frá grunni og leita fanga víðar en gert hafði verið ráð fyrir. Gerð námsefnis, gagnaöflun, samskipti við marga samstarfsaðila í atvinnulífinu reyndust býsna umfangsmikil. Þá voru báðir verkefnisstjórnir í rúmlega fullu starfi sem kennarar við skólann þar sem að ekki tókst að fullmanna stöður við upphaf skólaárs vegna kennaraskorts. Kennararnir létu það þó ekki hafa áhrif á aðkomu sína og vinnu við þetta verkefni.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

- Nemendur sýndu mjög mikinn áhugi í öllum þáttum verkefnisins. Þeir voru opnir fyrir að takast á því nýjar áskoranir, sýndu góða samvinnu og blómstruðu í þessu verkefni.
- Kennarar gripu tækifærið til að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og nálganir í námi. Það reyndist vel og skilaði sér í áhuga og góðri vinnu nemenda. Áhersla var lögð á að vekja eftirvæntingu og spennu hjá nemendum en slíkt stuðlar að enn meiri áhuga og þ.a.l. námi nemenda.
- Fjármálafræðsla var sett í búning sem hentaði vel þessu aldri nemenda. Smáfyrirlestrar, verklega vinna, samræður, hópavinna, spekúlasjónir og síðast en ekki síst hlutverkaleikur.
- Nemendur fengu að spreyta sig á starfi við eins raunverulegar aðstæður og hægt er og þannig lærðu þeir um störf, samfélag og á peninga á allt annan hátt heldur en að lesa um það í bók (learning by doing).
- Þemaheftið vakti umræður bæði í skólanum og á heimilunum t.d. um lýðræði, banka, fjármálastarfsemi, skattamál, störf og menntun.
- Fyrir kennarana var verkefnið skemmtilegt, gefandi og þroskandi. Það hefur opnað þeim nýja sýn á starfið og þann fjölbreytileika sem það býður upp á. Það á ekki aðeins við um þá kennara sem unnu að verkefninu, heldur einnig hinna sem fylgdust með t.d. hvernig bærinn varð til og hvernig hann nýttist í kennslu. Þá vakti verkefnið samkennd í starfsmannahópi skólans því margir hjálpuðu með ýmislegt sem tengdist því að setja upp heilan bæ á nokkrum dögum. Nærsamfélagið og foreldrar tóku einnig virkan þátt.
- Verkefnið fékk töluðverða umfjöllun í samfélaginu. Það fékk sérstaka viðurkenningu menntasviðs Kópavogs fyrir framúrskarandi verkefni í skólastarfi. Greint var frá því í fréttum Stöðvar 2, viðtal birtist í Fréttablaðinu, á visir.is og í Kópavogspóstinum. Einnig vakti verkefnið athygli á fésbókinni. Það kallaði fram jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum um skólastarf og breytta kennsluhætti.
- Fyrirtæki, bæjaryfirvöld í Kópavogi, nemendur, foreldrar, samkennarar og kennarar í öðrum skólum hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga sem er hvatning til að halda áfram þessari vinnu.
- Ánægjulegt var hversu margir komu og skoðuðu „Bæinn okkar“ meðan hann var fullur af lífi, m.a. bæjarstjóri Kópavogs, formaður menntaráðs, bæjarstjórnarfolk og starfsmenn Kópavogsbæjar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur haft mikil áhrif á skólastarfið. Á kennarafundi í lok skólaárs var það til umræðu og voru allir kennarar áhugasamir um að þróa það áfram og láta það ná jafnframt til yngsta stigs og unglingastigs. Þá vöktu kennsluaðferðirnar athygli og líklegt er að það skili sér í meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum í skólanum.

Nemendur lýstu sérstakri ánægju með verkefnið. Það kom fram í miklum áhuga þeirra á þeim viðfangsefnum sem fengist var við og einnig í orðum sem þeir létu falla í þá veru að þetta væri það skemmtilegasta sem þeir hefðu gert í skólanum, þeir hefðu lært mikið á því og vildu gera miklu meira í þessa veru.

Einnig hafa foreldrar látið í sér heyra og lýst ánægju með verkefnið.

Niðurstöður verkefnisins

Segja má að þau markmið sem stefnt var að hafi náðst. Þó þurfti að þrengja verkefnið svolítið vegna þrengri fjárhagsramma og það náði því til miðstigs en ekki allra árganga skólans. Gert er þó ráð fyrir því að á næsta skólaári verði unglिंगastiginu sinnt ásamt miðstiginu. Góð samvinna náðist við fjölda fyrirtækja á almennum markaði og sýndu þau mikinn áhuga á því. Stefnt er að því að rækta það samstarf enn frekar. Nemendur fengu þjálfun til að rækta ímyndunarafli og frumkvöðlahugsun, þeir öðluðust skilning og þekkingu á hvernig samfélag virkar og æfðu sig í að vinna almenn störf. Þá kynntust þeir því hvernig á að afla peninga og í hvað þeir fara. Mun fleiri markmiðum hefur verið náð en upphaflega var lagt upp með. Verkefnið byggði mjög á samstarfi nemenda og þeir fengu tækifæri til að rýna í eigin styrkleika og rækta þá.

Verkefnið mun halda áfram innan skólans og vonandi verður öðrum skólum einnig gefið tækifæri til að nota það. Haldið verður áfram með það sem gert var í vetur auk þess sem það verður þróað þannig að það henti unglिंगastiginu. Hugmyndin er unglिंगastigið vinni enn frekar með atvinnulífínu og samvinna verði milli skólans og fyrirtækja um að kynna starfsemi fyrirtækja á nýstárlegan og spennandi hátt, þ.e. sett verður upp eins konar keppni milli nemenda í að kynnast ólíkum störfum. Við erum þegar byrjuð á að undirbúa þann þátt og vonumst til að fara af stað með hann á seinna misseri næsta skólaár.

Við höfum kynnt hugmyndina vel fyrir fræðslufirvöldum í Kópavogi og munum koma þeirri hugmynd á framfæri að þau aðstoði þá skóla í Kópavogi sem hafa áhuga á þessu verkefni. Síðasti hlutinn, Bærinn minn, var nokkuð dýr í framkvæmd og mikið hagræði væri af því ef fleiri skólar fengju að njóta þess. Einnig mætti hugsa sér samstarf við atvinnulífið hvað það varðar og er það í samræmi við útfærslu á svipuðu verkefni í Finnlandi. Þar hefur þetta verið gert í nokkur ár með samstarfi atvinnulífsins, sveitarfélaga og stofnana og hafa allir skólar tækifæri til þátttöku án endurgjalds.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Nú er verið að leggja lokahönd um mynd um þann hluta verkefnisins sem kallast “Bærinn minn.” Uppbygging bæjarins og það starf sem þar fór fram var kvikmyndað, rætt var við bæði verkefnisstjóra og nemendur. Myndin verður m.a. sýnd á ráðstefnu á vegum Skólaþróunar í ágúst, auk þess verður hún á heimasíðu skólans og á Fésbókinni. Myndina vann Sigríður Rut Marrow kvikmyndagerðarkona.

Verkefnið var kynnt bæði á verðlaunaafhendingu Kópsins í Salnum í Kópavogi og fyrir starfsmönnum Salaskóla. Þá verður málstofa um það á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun í ágúst. Kennarar í öðrum skólum hafa spurst fyrir um verkefnið og munum við kynna það ef eftir því verður leitað.

Eins og áður hefur komið fram hefur verkefnið fengið töluverða umfjöllun í fjölmiðlum. Það fékk viðurkenningu menntasviðs Kópavogs fyrir framúrskarandi verkefni í skólastarfi. Einnig hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum og á fésbókinni.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Verkefnið er gríðarlega viðamikið og krefst mjög mikils undirbúningstíma. Án stuðnings Sprotasjóðs hefði ekki verið gerlegt að hrinda því í framkvæmd. Við erum ákaflega þakklát fyrir að þann veglega styrk sem við fengum og tækifærið sem hann veitti okkur.

14. júní 2017

Hrafnhildur Georgsdóttir, verkefnisstjóri

Hafsteinn Karlsson, skólastjóri